



HÚNAVATNSHREPPUR
SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI
Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi

nr. erindis 2103005

FRAMKVÆMDARLEYFI
Efnisnám úr Kúfustaðanámu

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar þ. 16.3.2021 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Efni: Vegagerðin - Umsókn um framkvæmdaleyfi

Erindi frá Vegagerðinni. Ósk um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku úr Kúfustaðanámu (18049). Meðfylgjandi eru loftmynd og frekari skýringar frá vegagerðinni.

Svofelld bókun var gerð:

Náman er á aðalskipulagi og framkvæmdin fellur innan þess. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdarleyfi.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps staðfesti bókunina á fundi sínum 17.mars 2021

Framkvæmdaraðili:

Vegagerðin, 500295-3099, Miðhúsavegur 1, 600 Akureyri.

Staðsetning framkvæmdar:

Framkvæmdin felur í sér efnisnám úr ofangreindri námu til lagfæringar á hérðas- og tengivegum

Umfang framkvæmdar:

Náman er að hluta til opin og þar hefur efnið verið unnið gegnum árin. Áætlað er að vinna 5000m³ af malarslitlagsefni 0-16

Samantekt á lýsingu og frágangi framkvæmdar:

Gögn sem framkvæmdaleyfið byggir á:

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 með bréfi dagsettu 15.febrúar 2021

Með þeirri umsókn bárust eftirfarandi gögn:

Loftmynd



HÚNAVATNSHREPPUR

SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI

Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi

Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022. Framkvæmdaleyfið er gefið út skv. 13-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og í samræmi við ákvæða laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Leyfishafa ber að kynna sér samræmd starfsleyfisskilyrði Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits fyrir efnistöku vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Dagsetning samþykktar leyfisveitanda:

Útgáfudagur er 1. maí 2021

Gildistími framkvæmdaleyfis:

Heimilt er að hefja framkvæmdir nú þegar enda verði neðangreindum skilyrðum fullnægt. Framkvæmdaleyfi þetta gildir frá útgáfudegi til 30. júní 2022 til framkvæmda við framangreinda framkvæmd og fellur úr gildi að þeim tíma liðnum.

Eftirlitsaðili framkvæmdar:

Skipulagsfulltrúi Húnavatnshrepps mun hafa eftirlit fyrir hönd sveitarfélagsins með framkvæmdunum. Framkvæmdaraðili fer sjálfur með eftirlit á gæðum verks og að það uppfylli útboðsgögn.

Skilyrði fyrir leyfi til framkvæmda:

Eftirfarandi skilyrði þarf að uppfylla vegna leyfisveitingarinnar:

- Frágangur og samráð við landeigendur

Framkvæmdaleyfisgjald er 36.894 krónur

Blönduósi, 31. mars 2021


Þorgils Magnússon
Byggingar- og skipulagsfulltrúi í Húnavatnshreppi.
S:869-0707
byggingarfulltrui@hunavarnshreppur.is